



Borgarráð

***Blikastaðavegur 10 og 25, makaskipti á landi***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki makaskipti við Ríkissjóð Íslands á um 2500 fermetra landi við Blikastaðaveg 10 og 25.

Greinargerð

Ríkissjóður er skráður fyrir lóðinni Blikastaðavegur 25 í samræmi við Keldnasamkomulagið frá 1983. Samkv. deiliskipulagi fyrir Blikastaðaveg 10 þá skarast lóðamörk þeirrar lóðar við lóðamörk Blikastaðavegar 25 en Veitur hafa óskað eftir lóðarleigusamningi á lóðinni Blikastaðavegur 10 til handa Veitum og Landsneti.

Því þarf að fara í makaskipti milli þessara lóða til að lóðamörk Blikastaðavegar 10 gangi upp.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig

Fjármála- og áhættustýring

Hjálagt:

Drög að makaskiptasamningi dags 11. janúar 2023

Samþykkt skipulagsfulltrúa dags 1. 12 2022

## MAKASKIPTA KAUPSAMNINGUR OG OG AFSAL

Ríkissjóður Íslands, kt. 540269-6459, Vegmúla 3, 108 Reykjavík, sem afsalsgjafi, afsalar hér með til Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignarsjóðs, kt. 570480-0149, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, sem afsalshafa, eftirgreindum lóðarhluta úr lóð í eigu Ríkissjóðs Íslands með landeignanúmer L109581 (staðgr. 2.475.501), alls 2.546 m<sup>2</sup> að stærð skv. meðfylgjandi lóðaruppdrætti (breytingarblaði), dags. 02.05.2022, sem telst hluti afsals þessa. Lóðarhlutinn sem liggur meðfram lóðinni Blikastaðavegur 25 er afhentur í því skyni að stækka lóðina Blikastaðavegur 10 til samræmis við deiliskipulagsbreytingu samþykkt á skipulags- og samgönguráði 26.05.2021, auglýsta í B-deild Stjórnartíðinda 12.07.2021. Lóðarhlutinn er sýndur skrástrikaður með rauðum línunum í fylgiskjali.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, sem afsalsgjafi, afsalar hér með til Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459, Vegmúla 3, 108 Reykjavík, sem afsalshafa, eftirgreindum skika úr óútvísuðu landi Reykjavíkurborgar með landeignanúmerið L221447, alls 2.546 m<sup>2</sup> að stærð skv. meðfylgjandi lóðaruppdrætti (breytingarblaði), dags. 02.05.2022, sem telst hluti afsals þessa. Lóðarhlutinn liggur meðfram Blikastaðavegi 25 og Korpúlfsstaðavelli og er sýndur skástrikaður með grænum línunum í fylgiskjali.

Um makaskipti er að ræða og greiðist kaupverðið með afsölum beggja lóðarhlutanna án fjárhæðar þar sem endurgjald fyrir hvorn lóðarhlutann fyrir sig er afsal hins.

Afhending beggja lóðahlutanna fer fram við undirritun kaupsammings og afsals þessa.

Afsalshafa er kunnugt um og sættir sig við ástand hins selda landsvæðis í hvívetna. Lögskil vegna fasteignagjalda fara ekki fram.

Framangreindu landsvæði er afsalað án kvaða og veðbanda.

Um réttarsamband aðila og réttindi þeirra og skyldur gilda lög nr. 40/2002 um fasteignakaup að svo miklu leiti sem ekki er samið um sérstök frávik í kaupsamningi.

Reykjavík, 11. janúar 2023

F.h. Ríkissjóðs Íslands

F.h. Reykjavíkurborgar

---

Vottar að réttri undirskrift,  
fjárnæði og dagsetningu:

---

Kt.


---

Kt.


Fylgiskjal:

Lóðauppdráttur (breytingarblað), með afmörkun hinna afsöluðu landsvæða, dags. 02.05.2022.





Mælikvarði 1:2000 (A3)



### Skýringar

- Landamörk
- // Landamörk aflögð
- Landamörk ný
- X** Staðfang lands
- (X.XXX.XXX)** Staðgreininúmer
- Lxxxxxx Landeignarnúmer
- x m<sup>2</sup> Stærð lands
- Lengd bogalínu
- Svæði sem leggst við Blikastaðaveg 25
- Svæði sem er tekið af Blikastaðavegi 25
- Afmörkun Korpúlfsstaðavallar er skv. afnotasamningi Reykjavíkurborgar og Golfkúbbss Reykjavíkur, dags 10.11.2010.

### Hnitaskrá

Landshnitakerfi ÍSN93


| Nr. | X-hnit     | Y-hnit     |
|-----|------------|------------|
| 102 | 366015.224 | 407883.677 |
| 103 | 366175.725 | 407922.442 |
| 110 | 366189.131 | 407907.592 |
| 111 | 366022.400 | 407875.728 |
| 120 | 366001.317 | 407911.451 |
| 121 | 365965.476 | 407912.923 |
| 122 | 366013.713 | 408046.006 |
| 275 | 366239.124 | 407918.356 |
| 276 | 366370.071 | 408023.976 |
| 277 | 366421.849 | 408091.862 |
| 278 | 366172.518 | 408522.747 |
| 279 | 366165.676 | 408538.995 |
| 280 | 366007.822 | 408269.803 |
| 281 | 366015.121 | 407992.509 |
| 283 | 366002.220 | 407951.902 |
| 284 | 365994.053 | 407940.967 |
| 285 | 366005.520 | 407894.373 |
| 287 | 366036.830 | 407874.799 |

### Breyting landamarka

Blikastaðavegur 25, staðgr. 2.475.501, L109581:

|   |                       |
|---|-----------------------|
| Land mælist .....                                       | 185178 m <sup>2</sup> |
| Bætt við land úr óútvísuðu landi, L221447 .....         | 2546 m <sup>2</sup>   |
| Tekið af landi og bætt við Blikastaðaveg 10, L109211 .. | -2546 m <sup>2</sup>  |
| Leiðrétt vegna fermetrabrota .....                      | 1 m <sup>2</sup>      |
| Landið verður .....                                     | 185179 m <sup>2</sup> |

Sjá deiliskipulagsbreytingu samþykkt í skipulags- og samgönguráði 26.05.2021 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 12.07.2021.







Umhverfis- og skipulagssvið  
Landupplýsingar

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundi Skipulagsfulltrúa frá 1.12.2022 varðandi eftirfarandi mál:

### **Blikastaðavegur 10 og 25**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. nóvember 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, landupplýsingardeildar, dags. 17. nóvember 2022 um lóðabreytingu að Blikastaðavegi 10 og 25 sem felst í að lóðin að Blikastaðavegi 10 er stækkuð inn á lóð Blikastaðarvegur 25 ásamt því að lóðin Blikastaðarvegur er stækkuð sem því nemur inn á borgarland. Einnig er lagt fram breytingarblað dags. 2. maí 2022. Erindinu var vísað til meðferðar og er nú lagt fram að nýju. (Jákvætt)

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Er í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Þuríður María Guðmundsdóttir  
F.h. skipulags fulltrúa